

Húsavík 6. okt. 2020

Efni: Umsókn um drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun

Í fyrirliggjandi lagafrumvarpi og greinargerð með því er á mörgum stöðum lögð mikil áhersla á eflingu nýsköpunarstarfs á landsbyggðinni. Þetta kemur meðal annars fram í markmiðsgreininni sjálfri.

Á undanförnum árum hefur berlega komið í ljós að bráðvantað hefur aðstöðu fyrir frumkvöðla í byggðum landsins utan höfuðborgarsvæðisins og stærstu þéttbýlissvæðanna. Þ.e. afdrep og hvetjandi starfsumhverfi/-aðstöðu fyrir frumkvöðlana, hvort sem um er að ræða fyrirtæki eða einstaklinga. Nýsköpunarmiðstöð Íslands fór af stað með göfug markmið af þessu tagi fyrir um áratug síðan samhliða opnun mannaðra starfsstöðva og þátttöku í stofnun Fab-lab smiðja á nokkrum stöðum í byggðum landsins. Á Húsavík var ásamt fleiri stöðum þannig opnuð tveggja manna starfsstöð á þessum tíma, sem m.a. var ætlað að stíga inn í þjónustu við frumkvöðla á fyrstu stigum. Þessi starfsemi var skorin niður smám saman á flestum stöðum á landinu, þ.á.m. Húsavík og hefur engin stafsemi eða þjónusta komið í staðinn. Ennfremur minnkaði aðkoma að þeim Fab-lab smiðjum sem þó hafði verið komið á fót og aðrir aðilar komu inn í rekstur og utanumhald þeirra.

Þekkingarsamfélagið á Húsavík hefur síðastliðið ár unnið að því að efla með afgerandi hætti innviði í nýsköpun og frumkvöðlastarfi. Leiða saman atvinnulíf og frumkvöðla við rannsóknir og menntaþjónustu undir einu þaki („FRYSTIHÚSIÐ“) og mynda nýja öfluga miðstöð nýsköpunar og frumkvöðlastarfs („HRAÐIÐ-nýsköpunarmiðstöð). Þekkingarnet Þingeyinga leiðir þessi verkefni og vinnur að þeim í samráði við SSNE (Samtök sveitarfélaga á norðurlandi eystra), Norðurþing og klasa samstarfsstofnana á svæðinu. Við útfærslu fyrrgreindrar miðstöðvar er unnið út frá því að opinberir aðilar fjármagni grunnrekstrinum, þ.e. húsnæði og lágmarksumsjón, en öll uppbygging og verkefni innan einingar verði fjármögnuð úr öðrum áttum, m.a. úr einkageiranum frá fyrirtækjum. Viðræður standa yfir við fyrirtæki á einkamarkaði í þessu tiltekna verkefni, þ.m.t. sterk nýsköpunar- og tæknifyrirtæki sem lýst hafa áhuga á aðkomu

Með vísan til framangreindra aðstæðna er bent á mikilvægi þess að það lagafrumvarp sem hér um ræðir nái yfir aðkomu að fjármögnun innviðaverkefna nýsköpunar á landsbyggðinni. Þannig tryggi frumvarpið markmiðin um eflingu innviða nýsköpunarstarfs í byggðum landsins með afgerandi hætti og tilgreindar verði leiðir til að ná þessum markmiðum fyrir byggðir landsins. Þá þarf að setja niður lagaákvæði sem gera það ófrávíkjanlega skyldu að efla innviði fyrir nýsköpunar- og frumkvöðlastarf dreifðari byggða. Grundvallaratriði er að skilja ekki við lagatexta með þeim hætti að eingöngu höfuðborgarsvæðið og stærstu þéttbýlissvæði landsins njóti fjármögnunar innviða heldur verði tryggt að lögin leggi skyldur á herðar ríkisvaldsins að mynda jarðveg fyrir nýsköpunarstarf í öllum byggðum landsins, með því umfangi sem við á hverju sinni. Samhliða þessu þurfa að vera skýrar og afgerandi heimildir til ráðherra til samninga við svæðisbundnar stofnanir um fjármögnun og rekstur innviða í nýsköpunarstarfi í byggðum landsins.

Virðingarfyllt,

Óli Halldórsson,
Forstöðumaður